

# **FYLGISKJÖL**

## **VIÐ SKÝRSLU UM ÁSTAND VEGA OG GIRÐINGA Á FELLSMÖRK**

Unnið af stjórn Félags landnema á Fellsmörk í kjölfar  
skemmda vegna flóða haustið 2009

# Fsk. 1

## Verkefnalisti Fellsmerkur 2010

Nr	Verkefni	Kostnaður	Framkvæmist
<b>1</b>	<b>Allt svæðið.</b>		
1a	Útbúa stofnskjöl fyrir þau 23 lönd sem eru í útleigu og eftir er að útbúa stofnskjöl fyrir.		
1b	Yfirfara skilti, rétta af og mála.		
<b>2</b>	<b>Vestursvæði Fellsmerkur, jörðin Fell.</b>		
2a	Klára rafmagnsgirðingu að Holtsgili.		
2b	Yfirfara girðinguna og eyða grasi við hana.		
2c	Setja rofa á rafmagnsgirðinguna við Fellsbæinn.		
2d	Endurgera varnargarð við Heiðarbraut að Einbúanum.		
2e	Koma upp varnargarði frá Einbúanum til vesturs, u.þ.b. 200 metra á móts við Hólsbraut. Lækka þarf svæðið sem Klifanda er ætlað að renna um og nota efnið í vegarstæðið.		
2f	Endurgera veginn, veita vatni með honum og undir á nokkrum stöðum. Setja ræsi undir veginn milli varnargarðsins og Hólsbrautar, við bæjarlækinn við gamla Fell, milli Hólsbrautar og Gilbrautar og milli Gilbrautar og Heiðarbrautar.		
<b>2.1</b>	<b>Heiðarbraut.</b>		
2.1a	Bera í brautina og veita vatni frá henni.		
2.1b	Beina Klifanda frá bakkanum þar sem Heiðarbrautin byrjar.		
<b>2.2</b>	<b>Gilbraut.</b>		
2.2a	Hefla veginn og setja ofaniburð.		
2.2b	Veita vatni frá brautinni og setja ræsi undir hana, a.m.k. neðst í henni.		
<b>2.3</b>	<b>Hólsbraut.</b>		
2.3a	Klára vegarlagningu að löndum 1 og 4-6.		
2.3b	Jafna veginn og setja ofaniburð.		
2.3c	Veita vatni frá veginum og setja stærra ræsi við framræsluskurðinn.		
<b>2.4</b>	<b>Dalbraut.</b>		
2.4a	Klára vegarlagningu til landa 5-15 ef löndin eiga að fara í útleigu.		

**3 Austursvæði Fellsmerkur, jörðin Keldudalur.**

- 3a Yfirfara girðingar, eyða grasi frá þeim og setja aftur upp girðingu á aurnum.
- 3b Færa girðinguna milli Álftagrófar og Keldudals á landamerki jarðanna. Klára girðinguna til suðurs.
- 3c Endurgera veginn frá Álftagróf til Króks. Setja ræsi á nokkrum stöðum til að veita vatni undir veginn.
- 3d Loka gatinu í varnargarðinum fyrir framan Krók til að beina Hafursá frá jörðunum Álftagróf og Keldudal.

**3.1 Keldudalur.**

- 3.1a Færa neðsta hluta vegarins, fjarlægja hryggi og bera í veginn.
- 3.1b Hreinsa úr framræsluskurðinum.
- 3.1c Lagfæra og mála skiltið við brautina.

**3.2 Hlíðarbraut.**

- 3.2a Setja ofaniburð í veginn.

**3.3 Krókur.**

- 3.3a Setja ofaniburð í veginn.

## Fsk. 2


# Loftmyndir – GPS –mælingar af Fellsmörk

Fyrir loftmyndir af svæðinu er vísað á vistun loftmyndanna á vef Fellsmerkur.

- **Heiðarbraut**  
[http://www.eirasi.net/fellsmork/stadhaettir/GPS2008/Heidarbraut\\_end.pdf](http://www.eirasi.net/fellsmork/stadhaettir/GPS2008/Heidarbraut_end.pdf)
- **Gilbraut**  
[http://www.eirasi.net/fellsmork/stadhaettir/GPS2008/Gilbraut\\_end.pdf](http://www.eirasi.net/fellsmork/stadhaettir/GPS2008/Gilbraut_end.pdf)
- **Hólsbraut**  
[http://www.eirasi.net/fellsmork/stadhaettir/GPS2008/H%C3%B3lsbraut\\_end.pdf](http://www.eirasi.net/fellsmork/stadhaettir/GPS2008/H%C3%B3lsbraut_end.pdf)
- **Dalbraut**  
[http://www.eirasi.net/fellsmork/stadhaettir/GPS2008/Dalbraut\\_end.pdf](http://www.eirasi.net/fellsmork/stadhaettir/GPS2008/Dalbraut_end.pdf)
- **Keldudalur**  
[http://www.eirasi.net/fellsmork/stadhaettir/GPS2008/Keldudalur\\_end.pdf](http://www.eirasi.net/fellsmork/stadhaettir/GPS2008/Keldudalur_end.pdf)
- **Hlíðarbraut**  
[http://www.eirasi.net/fellsmork/stadhaettir/GPS2008/Hl%C3%AD%C3%B0arbraut\\_end.pdf](http://www.eirasi.net/fellsmork/stadhaettir/GPS2008/Hl%C3%AD%C3%B0arbraut_end.pdf)
- **Krókur**  
[http://www.eirasi.net/fellsmork/stadhaettir/GPS2008/Kr%C3%B3kur\\_end.pdf](http://www.eirasi.net/fellsmork/stadhaettir/GPS2008/Kr%C3%B3kur_end.pdf)
- **Svæðið í heild**  
[http://www.eirasi.net/fellsmork/stadhaettir/GPS2008/Fellsmork\\_yfir\\_end.pdf](http://www.eirasi.net/fellsmork/stadhaettir/GPS2008/Fellsmork_yfir_end.pdf)


## Fsk. 3

# Yfirlitsmynd yfir tjón á varnargörðum og vegum á vestursvæði



## Fsk. 4

# Yfirlitsmynd yfir tjón á varnargörðum og vegum á austursvæði



## Fsk. 5

### Myndir af flóðum haustið 2009





**Girðing og vegarslóði á leið inn í Krók**



...tré að falla.....





Það var vegur þarna



Sami staður eftir Flóð

## Fsk. 6

# Helstu skógræktar- og landgræðsluverkefni á Fellsmörk 1989 – 2009

## 0. Inngangur

Þessi stutta greinargerð er tekin saman að beiðni Helga Gíslasonar framkvæmdastjóra Skógræktarfélags Reykjavíkur.

Í greinargerðinni eru tekin saman í stuttu máli helstu skógræktar- og landgræðsluverkefni á Fellsmörk, sem félagar í Félagi landnema á Fellsmörk hafa staðið fyrir.

## 1. Skógarplöntur

Skógarplöntur sem félagar hafa gróðursett eru ýmist fengnar skv. skipulagðri úthlutun, fyrst skv. úthlutun á vegum Skógræktarfélags Reykjavíkur, síðar úthlutun á vegum Landgræðsluskóga – eða félagar hafa sjálfir útvegað sér plönturnar.

### 1.1 Skógarplöntur skv. skipulagðri úthlutun

1989 – 1997: Frá Skógræktarfélagi Rvk. – var innifalið í sérstöku plöntu-árgjaldi landnema á Fellsmörk á því tímabili: 172.100 plöntur

1998 – 2009: Frá Landgræðsluskógum: 168.409 plöntur

**Samtals 1989 - 2009: 340.509 plöntur**

### 1.2 Skógarplöntur sem félagar hafa sjálfir útvegað

Fjöldi plantna og græðlinga sem félagar hafa útvegað sjálfir nemur þúsundum plantna, en nákvæmar tölur þar um eru ekki handbærar.

## 2. Áburður og grasfræ

Landgræðsla ríkisins hefur frá upphafi lagt til áburð og grasfræ sem félagar hafa síðan séð um að dreifa í gróðursnautt land og rofabörð. Magn á áburði og grasfræi frá Landgræðslunni kemur fram í meðfylgjandi skjali frá Landgræðslunni. Það skjal nær yfir tímabilið 2001 – 2009. Skv. því skjali nemur magn áburðar um 11.000 kg. Fyrir þann tíma sem skjalið nær til má áætla að Landgræðslan hafi úthlutað um 3.200 kg. á ári – samtals 32.000 kg.

Fyrir utan áburð og grasfræ frá Landgræðslunni hafa félagar sjálfir útvegað áburð og grasfræ í verulegu magni og dreift í uppfokið land og rofabörð. Húsdýraáburð hafa landnemar keypt hjá bændum í nágrenninu og notað við gróðursetninguna.

## 3. Skógræktaráætlun

Á upphafsárunum gengust félagar fyrir því að gerð var landgræðsluáætlun fyrir Fellsmörk. Áætlunin var unnin af Jóni Geir Péturssyni skógræðingi. Áætluninni hefur verið fylgt við plöntun á Fellsmörk. Skógræktaráætlunin fylgir með greinargerð þessari.

#### **4. Vegir, vegslóðar og girðingar**

Á skógræktarsvæðinu á Fellsmörk hafa verið lagðir vegir og vegslóðar. Einnig hefur skógræktarlandið verið girt af að mestu.

#### **5. Annað**

Á Fellsmörk eru 37 lönd í útleigu. Byggð hafa verið 14 sumarhús á Fellsmörk.

30.01.2010

Tekið saman af:

Hannesi Siggasyni, Hjalta Elíassyni, Magnúsi Jóhannessyni og Björgvini Salómonssyni  
í Félagi landnema á Fellsmörk

Fylgiskjöl:

Skógræktaráætlun fyrir Fellsmörk sjá

<http://www.eirasi.net/fellsmork/ymislegt/Sk%C3%B3gr%C3%A6ktar%C3%A1%C3%A6tlun%20fyrir%20Fellsm%C3%B6rk-ma%C3%AD%201999.pdf>